

Mannafefur í helli mínum

Laugardaginn 19. ágúst var sumarmót sagnaþula haldið í Snæfellsbæ undir yfirheitinu Mannafefur í helli mínum. Að mótinu stóðu Félag sagnaþula, Sagnaseiður á Snæfellsnesi og Sögustofan í Grundarfirði. Var þar í boði dagskrá fyrir öll þau sem elska að hlusta á góða sögu, þau sem hafa áhuga á að segja sögur og þau sem vilja nýta sögur við að miðla sögu og sagnararfi á sínu svæði. Átta sagnaþulir allstaðar af landinu tóku þátt í sumarmótinu með erindum og örnámskeiðum sem fóru fram í Frystiklefanum á Rífi. Voru þar meðal annarra Ingi Hans sem fór yfir listina að segja sögur og Ragnhildur Sigurðardóttir sem hélt erindi um sagnararf snæfellinga. Eftir dagskrá dagsins var sagnavaka í Frystiklefanum þar sem sagnaþulir stigu á stökk og sögðu sögur. Meðfylgjandi mynd er frá Fé-



lagi sagnaþula og er af þátttakendum mótsins.

SJ

Forsmekkur að hausti



Í síðustu viku fengu íbúar áminningu um að haustið sé að nálgast þegar björgunarsveitir sendu út tilkynningu um að nú væri tíminn til að binda trampólín og koma lausamunum fyrir í geymslu. September er genginn í garð, haustið nálgast og við finnum fyrir breytingu á veðrinu. Síðustu dagar hafa verið mjög vinda- og vætusamir á Snæfellsnesi eftir milt og gott sumar. Síðastliðinn föstudag mældist vindur 28 m/s í Snæfellsbæ og 39 m/s í kviðum. Stórstreymt var um helgina og sjór gekk á land sem varð með-

al annars til þess að loka þurfti veginum inn í Ólafsvík að austanverðu, frá Bugsmúla að Ólafsvík. Grjót og sjór gekk yfir veginn og bílaröð myndaðist á meðan beðið var eftir að veðrið gengi niður svo hægt væri að hreinsa veginn. Engin útköll voru þó hjá björgunarsveitinni á meðan versta veðrið gekk yfir. Voru íbúar greinilega búnir að undirbúa sig vel og eiga hrós skilið.

Meðfylgjandi mynd tók Þórey Úlfarsdóttir við Ólafsvíkurhöfn á háflóði en eins og sjá má flæddi sjórin upp sjósetningarrennuna.

JJ

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrár hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC www.msc.org

Blær kominn aftur eftir sumarfrí

Eftir gott sumarfrí í Ástralíu hefur bangsinn Blær skilað sér aftur á leikskóla Snæfellsbæjar. Hans beið langt ferðalag yfir hnöttinn sem, líkt og áður, endaði bröslulega fyrir hann. Á leið sinni á Kríuból á Hellissandi villtist Blær og leitaði hann til lögreglunnar eftir hjálp til að komast á leiðarenda, að sjálfsgöðu fékk hann aðstoð við það og eru börnin á Kríubóli með það á hreinu eftir að hafa endurheimt Blæ að ef maður lendir í vanda sé alltaf hægt að leita til lögreglunnar eftir hjálp.

Blær mætti svo með látum á Krílakot þar sem hann lenti í óhappi á leið úr flugvélinni frá Ástralíu og datt í stiganum. Patryk og Þorbjörg á sjúkrabílnum voru ekki lengi að bregðast við, sóttu hann og komu honum í öruggt skjól á Krílakoti. Fengu þau að launum lítinn Blæ til að hafa í sjúkrabílnum sem börnin geta fengið að knúsa ef slys eða veikindi koma uppá.

Börn og starfsfólk á leikskólum Snæfellsbæjar eru þakklát lögreglunni og sjúkraflutningamönnum fyrir að aðstoða Blæ í ævintýrum sínum. Blær er tákmynd Vináttu og er ætlað að veita börnun stuðning, hugga þau og hughreysta. Vinátta er forvarnarkerfi Barnaheilla gegn einelti



sem hefur verið í gangi síðan 2016 og er markmiðið með því að efla samskiptahæfni og tilfinningaþroska barna. SJ



Getraunir 1x2

Það var þröng á þingi síðastliðinn laugardag í Áthagastofunni, mikið spjallað og mikil sala í getraununum. Árangurinn var samt ekki upp á marga fiska, enda menn kannski ekki alveg komnir í takt ennþá, enda bara fjórar umferðir búnar í enska boltanum. Svona mæting lofar góðu fyrir veturinn og verður spennandi að fylgjast með og sjá

hvort að færustu spekingarnir taki einhverjum framförum fljótlega og nái í vinning. Við verðum allavega á laugardaginn í Áthagastofunni á milli klukkan 11.00 og 12.00 með kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur



Bifreiðaverkstæði / Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Okkar elskaði eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

GUÐMUNDUR RÚNAR GUNNARSSON,
rafvirki, sjómaður
og þúsundþjalasmiður,

lést sunnudaginn 27. ágúst.
Útförin fer fram frá Ólafsvíkirkirkju
8. september klukkan 14.



Þorbjörg Ágústa Höskuldsdóttir
Hallveig Hörn Vigfús Elvan Vigfússon
Höskuldur Goði Eyrún Dröfn Jónsdóttir
Hjörtur Rebekka Heimisdóttir
og barnabörn

Björg Íslandsmeistari í Sjóstöng



Laugardaginn 2. september fór fram glæsilegt lokahóf Landsambands sjóstangveiðifélaga þar sem sambandið krýndi nýja Íslandsmeistara auk annarra titla. Félagar Sjónsæ mættu sterk til leiks í ár en þau Björg Guðlaugsdóttir, Pawel Szalas, Darius Wojciechowski, Jón Einarsson og Beata Makilla fóru öll heim með verðlaun. Björg var sterkust kvenna og var krýnd Íslandsmeistari en auk þess fékk hún verðlaun fyrir heildarafla kvenna og stærsta steinbitinn. Pawel var í þriðja sæti heilt yfir og fékk verðlaun fyrir að vera með mestan heildarafla karla og stærsta ufsa. Hann átti

einnig þriðja stærsta fisk sumarsins sem var þorskur sem var 20 kg að þyngd. Darius fékk verðlaun fyrir að hafa landað flestum tegundum en hann veiddi 9 tegundir á mótinu. Hann veiddi einnig stærstu keiluna. Jón fékk verðlaun fyrir stærsta marhnúttinn og makrílinn. Beata átti annan stærsta fisk sumarsins en það var þorskur sem var rúm 20 kg að þyngd. Þyngsta fiskinn átti Sigurjón Már Birgisson úr félaginu Sjóskip. Það var einnig þorskur sem var 25,5 kg. Íslandsmeistari karla var Pétur Sigurðsson og er hann í félaginu Sjóak.

JJ



Víkingur - KF

Víkingur lék herna heima við lið KF, sem er frá Fjallabyggð á sunnudaginn. Leikurinn átti að vera á laugardaginn, en var færður til vegna veðurs. Í sem skemmstu máli má segja að Víkingur vann svokallaðann iðnaðarsigur, það er að klára verkefnið við erfiðar aðstæður. Lokatölur urðu 3-2 fyrir Víking, með mörkum fá Birni Axel, Luke og Khalok.

Staðan í deildinni, þegar tvær

umferðir eru eftir er nokkuð spennandi, en liðin í efstu sætunum eru nokkuð jöfn að stígunum, en þó er lið Dalvíkur efst og í bestu stöðunni. Hverjir fylgja þeim er óvissan. Þar standa best KFA, ÍR og Víkingur. Línur ættu að skýrast eftir leikina um næstu helgi og þarf Víkingur að vinna sinn leik á móti Þrótti úr Vogum og þann síðasta á móti KV hér heima til að vera með í baráttunni.

ÓHS



Húsnæði til leigu!

Félags- og skólajónusta Snæfellinga bs. auglýsir til leigu húsnæði sitt að **Ólafsbraut 19, Ólafsvík** þar sem „Smiðjan“ var til húsa í suðurenda neðri hæðar.

Áhugasamir hafi samband við undirritaðan sem veitir frekari upplýsingar.

Sveinn Þór Elinbergsson,
forstöðumaður FSS
s. 430 7800, sveinn@fssf.is



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
SJÁLFTIÐI - METNADUR - SAMKENND

Grunnskóli Snæfellsbæjar auglýsir lausa stöðu í Lýsudeild

Laus er tímabundin staða starfsmanns í leikskólaseli skólans, Lýsudeild, í 49% stöðugildi. Ráðningartímabilið er frá 3.10.2023 - 5.06.2024.

Starfssvið:

Vinnur að uppeldi og menntun barnanna
Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega
Ýmis önnur verkefni sem falla til hverju sinni

Hæfniskröfur:

Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar
Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
Góð kunnátta í íslensku er skilyrði

Umsóknarfrestur er til 15. september 2023.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Samflots bæjarstarfsmannafélaga.

Upplýsingar veitir Hilmar Már Arason, skólastjóri, í síma 894 9903 og Rósa Erlendsdóttir í síma 863 8328.

Umsóknir skal senda til skólastjóra á netfangið hilmara@gsnb.is.

Grunnskóli Snæfellsbæjar áskilur sér rétt til að ráða hvern sem er eða hafna öllum umsóknum.

Grunnskóli Snæfellsbæjar | Ennisbraut 11 | 433 6900 | gsnb.is



AÐALSAFNAÐARFUNDUR Ingjaldshólskirkju og kirkjugarðar

verður haldinn þriðjudaginn 19 september nk
í safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju kl 19:30

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2022
2. Ársreikningur fyrir árið 2022 lagður fram
3. Sóknarprestur fer yfir starfið á árinu
4. Kosningar
5. Önnur mál

Kaffiveitingar

Fjölmennum og höfum áhrif á starf kirkjunar

Sókarnefnd Ingjaldshóls kirkju.

Í tilefni af því að Brimilsvallakirkja er 100 ára 2023
verða haldnir eftirfarandi viðburðir í Brimilsvallakirkju:

AFMÆLIS -TÓNLEIKAR

„Ég lít í anda liðna tíð“

14. september 2023 kl 20:00 í Brimilsvallakirkju

Fram koma:

Veronica Osterhammer, mezzosópran Valentina Kay, píanóleikari

Ingi Hans Jónsson, sögumaður Kirkjukór Ólafsvíkur

Fluttur verða sálmar Guðs til dýrðar, íslensk einsöngslög til minningar um Mariu Maríu, ættjarðarlög og íslensk dægurlög til minningar um Hallbjörgu Bjarnadóttur. Ingi Hans segir frá átökum um kirkjuna.

Enginn aðgangseyrir – öll velkomin !



HÁTÍÐARMESSA

100 ára Brimilsvallakirkja

verður haldin laugardaginn 28. október 2023 kl. 14:00

í Brimilsvallakirkju.

Messukaffi verður á eftir í Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju.

Séra Ægír Örn Sveinsson þjónar fyrir altari og Kirkjukór Ólafsvíkur leiðir safnaðarsönginn. Öll velkomin !